

14.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn **9. desember 2019, kl. 13:00** á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru; Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnes 1.varamaður vegna fjarveru AB, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun 2020-2023, seinni umræða
2. Fundargerð Skipulagsnefndar, dags. 3. desember 2019.
  - a. Erindi um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps vegna Hvalárvirkjunar
  - b. Erindi um heimild til að vinna deiliskipulag vegna Hvalárvirkjunar.
3. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps.
4. Bréf frá Jöfnunarsjóði vegna grunnskólaaksturs.
5. Bréf frá Sveini Ó. Hafliðasyni hjá Mótus.

1. Fjárhagsáætlun 2020-2023, síðari umræða.

Lögð er fram til seinni umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2020-2023. Oddviti kynnti tillöguna og þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni frá fyrri umræðu. Tekjur A og B hluta er 47,9 millj. kr. Rekstrargjöld A og B hluta án fjármagnsliða 41,3 millj. kr. Fjármagnsliðir A og B hluta er kr. 91,1 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta 7,6 millj. kr.

Lögð var fram tillaga að álagningu fasteignaskatts í Árneshreppi 2020 verði:

0,625% af fasteignamati skv. a-lið [3.gr.](#) laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,32% af fasteignamati skv. b-lið [3.gr.](#) laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,65% af fasteignamati skv. c-lið [3.gr.](#) laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Norðurfjarðarhöfn; Viðlegugjald var kr. 9.500,- á mán. Hækkar um 10%, fer í 10.450,- pr mán. Sorpgjald fer úr 2.500,- í kr. 3.000,- pr mánuð. Rafmagnsgjald fer úr kr. 9,00 pr kwh í kr. 12,00 pr kwh. Kranagjald fer úr kr. 420,- fyrir hvert byrjað tonn í kr. 460,-

Einnig var ákveðið að hækka stöðuleyfisgjöld vegna lausra húsa og gáma úr kr. 15.000,- í kr. 17.000,- Hreppsnefnd samþykkir að álagning útsvars í Árneshreppi á árinu 2020 verði 14,52% af tekjum.

Hreppsnefnd lauk síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2020-2023 og samþykkti hana samhljóða.

## 2. fundargerð skipulagsnefndar dags. 3. desember 2019.

### a) Ósk um breyting aðalskipulags, Hvalárvirkjun.

Erindi, dags. 22.11.2019, frá VesturVerki ehf. þar sem óskað er eftir að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005 - 2025 vegna Hvalárvirkjunar.

*Skipulagsnefnd leggur til við hreppsnefnd að skipulagsfulltrúa verði falið að hefja vinnu við breytingar á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025 vegna Hvalárvirkjunar, en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir frekari breytingum á skipulagsáætlunum vegna virkjunarinnar. Drög að skipulags- og matslýsingu fyrir skipulagsverkefnið, sbr. 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal lögð fram fyrir skipulagsnefnd. Gert verði ráð fyrir að lýsingin verði sameiginleg fyrir deiliskipulagsgerð vegna Hvalárvirkjunar.*

*Framkvæmdaraðili skal bera kostnað vegna aðalskipulagsbreytingarinnar sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Hreppsnefnd felur skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við breytingar á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 vegna Hvalárvirkjunar, en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir frekari breytingum á skipulagsáætlunum vegna virkjunarinnar. Drög að skipulags- og matslýsingu fyrir skipulagsverkefnið, sbr. 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal lögð fram fyrir skipulagsnefnd. Gert verði ráð fyrir að lýsingin verði sameiginleg fyrir deiliskipulagsgerð vegna Hvalárvirkjunar.*

### b) Ósk um að vinna að tillögu að deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar.

Erindi dags. 22.11.2019, frá VesturVerki ehf. þar sem óskað er eftir heimild að vinna deiliskipulag vegna Hvalárvirkjunar.

*Skipulagsnefnd leggur til við hreppsnefnd að samþykkja erindi VesturVerks ehf. um að félagið fái heimild til að vinna deiliskipulag vegna Hvalárvirkjunar og þá í samræmi við sameiginlega skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulagstillögu og breytinga á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Endanleg afgreiðsla heimildarinnar fari fram, þegar skipulags- og matslýsing liggur fyrir.*

Hreppsnefnd samþykkir erindi VesturVerks ehf. um að félagið fái heimild til að vinna deiliskipulag vegna Hvalárvirkjunar og þá í samræmi við sameiginlega skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulagstillögu og breytinga á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Endanleg afgreiðsla heimildarinnar fari fram þegar skipulags- og matslýsing liggur fyrir.

Hreppsnefnd samþykkir fundargerð skipulagsnefndar frá 3. desember 2019.

3. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, lögð fram til kynningar.

4. Bréf frá Jöfnunarsjóði vegna skólaaksturs, lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Sveini Ó.Hafliðasyni hjá Mótus. Hreppsnefnd ákvað að Árneshreppur taki þátt í samstarfi við Mótus í eitt ár í tilraunaskini.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:10.